

L Ö G

um bráðabirgðafjárgreiðslur í janúar 1943.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Þar til samþykkt hafa verið og staðfest fjárlög fyrir árið 1943, er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða, í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1942, öll venjuleg rekstrargjöld ríkisins og önnur gjöld, er talizt geta til venjulegra fastra greiðslna þess, þótt ákveðin séu eða heimiluð til eins árs í senn.

Með sama hætti er framlengd heimild til handa stjórnnum Landsbankans og Búnaðarbankans til lífeyrisgreiðslna.

Heimild þessi gildir þó eigi lengur en til 1. febr. 1943.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1943.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 71 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Dýralæknar hafa að byrjunarlaunum 3500 krónur, en launin hækka eftir hver 5 ár um 400, 300 og 300 kr. í þessari röð upp í 4500 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og taka dýralæknar laun samkvæmt þeim frá 1. janúar 1943.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.